



**Viðtakandi** Velferðarnefnd Alþingis  
**Sendandi** Heilbrigðisráðuneytið

**Dagsetning** 30. maí 2024  
**Málsnúmer** HRN23110172

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (ýmsar breytingar).**

Velferðarnefnd óskaði eftir umsögn ráðuneytisins um umsögn Sjúkratrygginga Íslands um frumvarp til breytinga á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. Að því er varðar breytingatillögur Sjúkratrygginga vísast til umsagnar stofnunarinnar.

Varðandi tillögu 1 í umsögn Sjúkratrygginga þá telur ráðuneytið að sú breyting sem Sjúkratryggingar leggja til varði ekki með skýrum hætti skilgreiningu á gagnreyndri meðferð. Um sé að ræða ákveðin viðmið sem ráðuneytið telur ekki falla með góðu móti að þeirri meginreglu sem lögfest yrði með 2. gr. a frumvarpsins.

Tillaga nr. 2 lýtur að því að skýra betur tiltekin atriði um gagnreynda lækni meðferð í lögskýringargögnum. Slíkar breytingar eru ekki gerðar í meðförum þingsins og því ekki unnt að verða við tillögunni. Um er að ræða atriði sem Sjúkratryggingar geta litið til við mat á því hvort meðferð sé gagnreynd.

Í tillögu nr. 3 er lagt til að bæta við ákvæði 23. gr. laganna og styður ráðuneytið að orðunum „gagnreyndri og“ verði bætt við 1. mgr. ákvæðisins.

Tillaga nr. 4 varðar aðgang að gögnum sem tengjast samningaviðræðum Sjúkratrygginga. Ráðuneytið setur sig ekki upp á móti tillögunni en bendir á að Sjúkratryggingar hafa heimild skv. upplýsingalögum til að synja mörgum beiðnum sem berast um aðgang að gögnum sem tengjast samningaviðræðum á grundvelli einka- og almannahagsmuna.

Loks óskar ráðuneytið eftir að gildistöku 16. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingar á rétti til greiðslna vegna veikinda og slysa erlendis, verði frestað til 1. janúar 2025.